

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SÓLBAÐSSTOFUR

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfi þessi gilda fyrir sólbaðsstofur. Ef um annanstarfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002, 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	941/2002, 14. gr.	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002, 3.og 13. gr.	
1.4	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002, 14. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14. gr	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002, 14. gr.	
2.3	Húsnæði skal vera vel viðhaldið.	941/2002, 14. gr.	
2.4	Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöð2wu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002, 14. gr.	
2.5	Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavinum.	941/2002, 46 gr.	
2.6	Starfsfólk og viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að salerni og handlaug með sápulegi og einnota handþurrkum. Snyrting skal loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu. Þar sem skilrúm salernaisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla. Gerð salerna skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar	941/2002, 15. gr. 578/2017 4. gr.	
2.7	Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa	941/2002, 15. gr.	

3. HÁVAÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Um hávaða gildir reglugerð um hávaða.	724/2008	

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun á að vera skrifleg.	941/2002 11. gr.	
4.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14. gr.	
4.3	Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun efnavöru.	941/2002 14. gr.	
4.4	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega.	941/2002 14. gr.	
4.5	Ljósabekki og hlífðargleraugu skal þrifa með sótthreinsandi efni eftir hverja notkun af starfsmönnum stofunnar.	941/2002 46. gr.	
4.6	Um notkun á tóbaki og aðra tóbaksneyslu fer skv. ákvæðum laga um tóbaksvarnir.	Lög nr. 6/2002	

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Ljósabekkir skulu þannig staðsettir og varðir þannig að aðrir en þeir sem nota bekkina verði ekki fyrir geislun.	941/2002, 46. gr.	
5.2	Hlífðargleraugu skulu vera aðgengileg fyrir viðskiptavini.	941/2002, 46. gr.	
5.3	Á ljósastofum skal hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um notkun sólarlampa/ljósabekkjja. Þar skal m.a. koma fram að einstaklingum yngri en 18 ára er óheimil afnot af sólarlömpum, í öðrum tilgangi en lækni-fræðilegum.	941/2002, 46. gr.	
5.4	Á hverjum ljósabekk skal vera viðvörðunarkerki frá Geislavörnum ríkisins "Aðvörðun útfjólublá geislun"	941/2002, 46. gr.	
5.5	Kröfum geislavarna ríkisins um ljósabekki og ljósaperur, svo og upplýsingum aðvörðun landlæknis til viðskiptavina skal fylgt við reksturinn	941/2002, 46. gr.	
5.6	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almens notenda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10 gr. byggingareglugerðar	578/2017, 14. gr.,	

6. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Um framleiðslu og dreifingu matvæla gilda lög nr. 93/1995.	Lög nr. 93/1995	

7. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
7.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002, 18. gr.	
7.2	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	798/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðir sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, m.s.br.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Reglugerð nr. 810/2003 um sólarlampa.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 812/2012.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Reykjavík 17.11.2017

-----
Kristín Linda Árnadóttir